

Rodolphe Jean Baptiste Thévenot
Sudavik Tours
Tungata 20
420 Súðavík



Akureyri, 12. júní 2020
Tilvísun: 1910046 / 02.01

Efni: Útgefið ferðaskrifstofuleyfi

Umsókn **Rodolphe J. B. Thévenot, kt. 300177-2639** til að starfa sem ferðaskrifstofa samkvæmt lögum um Ferðamálastofu nr. 96/2018 er samþykkt. Rodolphoe J. B. Thévenot er veitt leyfi til að starfa undir heitinu **Sudavik Tours**. Óheimilt er að reka eða kynna starfsemi ferðaskrifstofu undir öðrum heitum en skráð hafa verið hjá Ferðamálastofu og fram koma á leyfisbréfi.

Leyfisbréfið hefur þegar verið gefið út og verður það sent ásamt bréfi þessu og auðkenni til umsækjanda í tölvupósti. Öllum ferðaskrifstofum ber að nota myndrænt auðkenni Ferðamálastofu í hvers kyns auglýsingum um starfsemi sína og á vefsíðu sinni skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 96/2018.

Vakin er athygli á að samkvæmt 26. gr. laganna og 9. gr. reglugerðarinnar er ferðaskrifstofum skylt að tilkynna Ferðamálastofu ef fyrirsjáanlegt er að tryggingarskyld umsvif verði umtalsvert meiri en gögn sem lágu til grundvallar ákvörðun um fjárhæð tryggingar gáfu til kynna. Skal tryggingin þá endurmetin.


Eigi síðar en 1. apríl ár hvert skulu ferðaskrifstofur skila Ferðamálastofu gögnum og upplýsingum vegna endurmats tryggingarfjárhæðar. Leyfishafi er beðinn um að kynna sér vel þær reglur sem gilda um tryggingar og bókhald ferðaskrifstofa. Nánari upplýsingar er að finna á vef Ferðamálastofu undir liðnum „Leyfi og löggjöf“.

Samkvæmt 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 á aðili rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný, eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún tilkynnt, ef ákvörðunin hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er aðila máls heimilt að kæra ákvörðun Ferðamálastofu til iðnaðarráðuneytisins, Arnarhváli, 150 Reykjavík, til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju. Kæra skal hafa borist ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs þessa skv. 1. mgr. 27. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 frestar stjórnslukæra ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Virðingarfyllst,
f.h. Ferðamálastofu


Elín Svava Ingvarsdóttir, verkefnastjóri

